
ÍSLENZK MYND-LIST BÝR VIÐ VAXANDI GRÓSKU OG ÞVERRANDI FORDÓMA ÞRÁTT FYRIR ALLT



fangsefni: Gjár á Þingvöllum.



Óvenjulegt viðfangsefni, a.m.k. á sýningum hér: Dauði Che Guevara. Úr myndaflokknum Ecce Homo.

æna húsinu né á Kjarvalsstöðum á síðasta ári, voru veitt listamannalaun, en annar var talinn hlutgengur á Kjarvalsstöðum með öllum greiddum atkvæðum, en engin listamannalaun fékk hann.

Sá sem hér um ræðir er Baltasar, en sýning hans er nú afstaðin fyrir nokkru. Aðstaða hans sem málara og aðkomumanns er að ýmsu leyti verð íhugunar. Við opnun sýningar hans að Kjarvalsstöðum var slíkur mannfjöldi og svo augljós hrifning, að helzt verður jafnað til þess, þegar Kjarval var að opna sýningar í Listamannaskálanum sáluga. Með öðrum orðum: Almenningur, sem kynnzt hefur myndlist Baltasars á þeim 11 árum, sem hann hefur verið búsettur á Íslandi, hefur tekið honum opnum örmum.


Það sama verður hins vegar engan veginn sagt um bræður hans í myndlistinni. Stundum hafa þeir kvartað yfir fúskinu og menntunarleysinu í myndlist á Íslandi. Þess vegna hefði mátt láta sér detta í hug, að því yrði fagnað, þegar vel skólaður myndlistarmaður ákveður að gera Ísland að heimkynnum sínum. Ég hygg að ekki sé á neinn hallað, þótt sagt sé að Baltasar hafi augljósara vald á tækni en flestir á voru landi. Og ekki þarf heldur að kvarta yfir því að viðfangsefni hans séu okkur framandi. Baltasar hefur að minnsta kosti ekki síður en aðrir gert íslenzkan veruleika og landið sjálft að viðfangsefni. Raunar hefur stundum verið sagt, að hann sjái þessa sérstæðu náttúru landsins með augum Katalóníumannsins; að hann byggði á spánskri litahefð. Rétt er það að vísu, að dökkir litir, allra helzt brúnir, hafa staðið Blatasar hjarta nærri. Þá er nærtækt að leita skýringar í uppruna hans og akdademiskri menntun á Spáni. Slíkt er þó engan veginn einhlít skýring og yrði til dæmis að grípa ti einhverrar ólíkrar skýringar, væri hann innfæddur Íslendingur. Þá mundi hann mála örðuvísi, kynni einhver að segja. En því er heldur ekki hægt að slá föstu. Hitt er aftur á móti hægt að ræða um sem nokkuð áþreifanlegan hlut, að Baltasar hefur áunnið sér persónulegan stíl, sem telst megin keppikefli hvers listamanns og að myndir hans bera ótvíræðan vott um verklega kunnáttu og öryggi atvinnumannsins.


Samt duga þessir augljósu kostir ekki til þess að Baltasar fái inngöngu í Félag íslenzkra myndlistarmanna. Tvívegis hefur hann verið borinn upp á fundum, en í bæði skiptin hefur meirihluti fundarmanna greitt atkvæði gegn því að hann fengi inngöngu. Kynni að vera að síðar meir yrði það rifjað upp og þá nefnt til dæmis um þroska og viðsýni landans á þessu þjóðhátíðarári.

Margoft hef ég lýst yfir þeirri skoðun minni, að íslenzkar listir muni standa og falla með túlkun á íslenzkum veruleik. Ég hef ekki minnstu trú á því að það þætti merkilegt framlag af vorri hálfu, sem einkum sækti fyrirmyndir í mannlíf og staði úti í Evrópu, hvort heldur væru það fiskimenn á Miðjarðarhafi eða götulíf í París. Á sama hátt geri ég mér sára litlar vonir um jákvæðar undirtektir gagnvart íslenzkum stælingum á Francis Bacon eða Picasso. Annars mætti halda að Færeyingar skildu þetta mun betur en við; að minnsta kosti er svo að sjá á færeyskri myndlist.

Þegar það gerist, að vel menntaður myndlistarmaður utan úr hinum

Framhald á bls. 15.





hvolft, ættu gildi og áhrif myndarinnar að vega þyngra við verðlagningu en efnið eitt.

Framundir þetta hefur svartlist verið harla lítill áhugi sýndur, en nú gerðist það, sem ég held að hafi ekki komið fyrir áður, að myndir Snorra gengu út eins og heimilistæki fyrir gengisfellingu eða söluskattshækkun. Í sjálfu sér er það ekki merkilegt, því þær voru athyglisverðar frá myndrænu sjónarmiði og þar að auki fallegar. Jafnframt vaknar sú von, að svartlist geti farið að standa sig í samkeppni við olíumálverkið.

Frá því Snorri kom frá námi við Konstfack í Stokkhólmi, hefur hann einvörðungu unnið við listræna hönnun einhverskonar, útlitsteikningu á Vikunni í nokkur ár í nánu samstarfi við þann er þetta ritar. Leiðir okkar skildu, þegar undirritaður réðst til starfa við Lesbókina, en Snorri fór litlu síðar að vinna við leikmyndagerð hjá sjónvarpinu og er þar enn. Hann fékk þó lausn frá störfum meiripart síðasta árs, að nokkru leyti til að ljúka við veggskreytingu á Landsbankahúsinu á Akranesi, svo sem frá var greint í Lesbók, en sumpart til að vinna að sýningunni.

Niðurstaða hans varð sú að einbeita sér að kolmyndum og verður sú ákvörðun að teljast karlmannleg í ljósi reynslunnar. Viðarkol er sérstætt efni; með því fæst áferð, sem ekki næst á annan hátt. En árangurinn byggist á hraða í vinnubörgðum. Því nær Snorri mjög vel. Hann dregur línur í ýmsum breiddum af mikilli festu og öryggi. Klaufaskapur sést hvergi. En hraðinn sem þarna verður að viðhafa, reynist einmitt falla einstaklega vel að þeirri hugmynd, sem Snorra var efst í huga að glíma við: Hreyfingu hlutanna. Enda þótt verk Snorra væru alveg abstrakt gáfu þau mjög eindregið hugmynd um hreyfingar, sem ýmist voru samsíða eða gagnstæðar.

Þegar myndir af þessu tagi eru sýndar í heilum sal, fer vart hjá því, að nokkurt tilbreytingarleysi ríki. Óneitanlega eru myndirnar talsvert líkar innbyrðis. Þessvegna njóta þær sín ekki fullkomlega og engan veginn á sama hátt og ein mynd gerir, þegar búið er að hengja hana upp með öðrum ólíkum myndum. Trú mín er sú, að þeir muni uppgötva það, sem eignuðust kolmyndir Snorra, að þær vaxi við nánari kynni. Einmitt það er aðalsmerki góðrar listar.